

Attentin® 5 mg, 10 mg og 20 mg töflur

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram. Aftast í kafla 4 í fylgiseðlinum eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.



Ágætu foreldrar/forráðamenn og umönnunaraðilar,

Þetta bréf hefur verið útbúið til þess að uppfylla kröfur sem settar hafa verið af lyfjafirvöldum til að auka öryggi við notkun lyfsins. Lyfjastofnun hefur samþykkt texta bréfsins.

Þessar upplýsingar munu hjálpa þér að skilja hvað hrjáir barnið og hugsanlega áhættu tengda meðferð með Attentin (dexamfetamin súlfat).

Hvað er ADHD?

Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD) er þroskaröskun sem hefur áhrif á börn, unglinga og fullorðna. Eins og nafnið bendir til eru aðaleinkenni röskunarinnar alvarleg vandamál í tengslum við athygli og einbeitingu, mikil hvatvísi og ofvirkni. Það þarf þó ekki að þýða að barnið sýni mikil einkenni á öllum þessum sviðum, en samanlagt eru einkennin alvarlegri og koma oftar fram en hjá flestum börnum á sama aldri.

Greining er þverfagleg og felur í sér nákvæmt mat á einkennum barnsins og sjúkrasögu þess, samkvæmt DSM greiningarviðmiðum eða ICD leiðbeiningum. Ýmsir fagaðilar koma að greiningunni, svo sem barnageðlæknar, barnalæknar, sálfræðingar og aðrir eftir þörfum (félagsráðgjafar, iðjuþjálfar).

Hvernig er ADHD meðhöndlað?

Meðferð ADHD samanstendur yfirleitt af mörgum þáttum, s.s. sálfræðilegum, menntunarlegum og félagslegum auk lyfjameðferðar. Upplýsingar og ráðgjöf til sjúklinga, foreldra/forráðamanna og annarra umönnunaraðila eru fyrsta skrefið til að skilja röskunina, orsakir hennar og hugsanlega valkosti við meðferð. Annar hluti er atferlismeðferð fyrir barnið og einnig fjölskylduna, stundum einnig kennara og aðra umönnunaraðila.

Þau lyf sem ávísað er eru örvandi lyf (t.d. methylfenidat eða amfetamin, eins og dexamfetamin) og lyf sem ekki eru örvandi (t.d. atomoxetin).

Eins og við á um öll lyf, er mikilvægt að örvandi lyf séu notuð á réttan hátt. Örvandi lyf eru eftirritunarskyld. Það þýðir að um þau gilda viðbótarreglur sem settar eru af þeim yfirvöldum í hverju landi sem stýra notkun þeirra og ávísunum. Það er því mikilvægt að varúðar sé gætt við meðhöndlun örvandi lyfja.

Hvað þarf að hafa í huga þegar barnið fær meðferð með örvandi lyfi?

Eins og við á um öll lyfseðilsskyld lyf, er mikilvægt að örvandi lyf séu notuð á réttan hátt. Örvandi lyf geta valdið fjölda hugsanlegra aukaverkana ef þau eru ekki notuð á réttan hátt; til dæmis geta þau haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar ef þau eru tekin í of stórum skömmtum eða notuð þegar þeim hefur ekki verið ávísað.

Mikilvægt er að meðhöndla lyfseðilsskyld örvandi lyf með ábyrgum hætti. Þau skal aldrei selja eða gefa öðrum!

Dexamfetamin hefur eiginleika sem geta valdið misnotkun, ávanabindingu, rangri notkun og dreifingu til annarra.

Þegar örvandi lyfið er ekki notað eins og læknirinn hefur sagt til um má strax skilgreina slíkt sem misnotkun: ef barnið tekur auka töflu af lyfseðilsskylda lyfinu til þess að reyna að meðhöndla sjálf sig, af hvaða ástæðu sem er, má skilgreina það sem misnotkun.

Ennfremur eiga misnotkun og ósamþykkt notkun sér stað þegar lyfseðilsskylda lyfið er notað af öðrum ástæðum en ætlast var til af læknum sem ávísaði því. Ávanabinding getur orðið þegar lyfið er notað til lengri tíma á annan hátt en því var ávísað.

Fyrir í þessu bréfi er fjallað um dreifingu til annarra. Með því er átt við það þegar lyf sem ætlað er tilgreindum sjúklingi er selt eða gefið einhverjum öðrum einstaklingi.

Röng notkun getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir notandann.

Mikilvægt er að nota örvandi lyf samkvæmt fyrirmælum og undir reglulegu eftirliti læknisins.

Hvernig veit ég hvað er að gerast?

Ákveðin einkenni geta bent til óviðeigandi eða of mikillar notkunar örvandi efna, en það að einkenni komi fram þýðir ekki alltaf að barnið sé að misnota lyfið sitt. Sum þessara áhrifa geta verið aukaverkanir af meðferðinni.

Slík einkenni geta verið: Sæluvíma, vanlíðan, ofvirkni, æsingur, kvíði, löng vökutímabil, einnig án þess að borða, mikið þyngdartap en einnig útvíkkun sjáaldra, munnþurrkur og þurrkur í nefi.

Ræddu við lækni barnsins ef barnið fær einhver einkenni sem valda þér áhyggjum.

Hvað get ég gert?

Fylgstu vel með magni lyfsins sem barnið notar. Þú átt að vita hvenær tímabært er að endurnýja lyfseðilinn, hvenær og hve oft barnið tekur lyfið. Vertu viss um að lyfið sé geymt á öruggum stað. Gakktu úr skugga um að enginn annar noti lyf barnsins. Þetta er hægt að gera með því að telja töflurnar reglulega.

Ræddu við barnið um hugsanlega áhættu er tengist inntöku örvandi efna. Gættu þess að andrúmsloftið á heimilinu sé gott þannig að barninu finnist það öruggt og geti rætt við þig um vandamál sín og áhyggjur.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint Lyfjastofnunar á www.lyfjastofnun.is eða á vef LYFIS, www.lyfis.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

Sjá nánari upplýsingar í fylgiseðli sem er í hverri pakkningu lyfsins. Fylgiseðilinn er einnig að finna á www.serlyfjaskra.is